

Smiley slær í gegn

Eftirlit með matsölustöðum gert opinbert í Danmörku – neytendur eiga rétt á að vita hvernig fyrirtækin standa sig

Athugulir íslenskir ferðalangar hafa e.t.v. rekið augun í skýrslur heilbrigðisfulltrúa á matsölustöðum í Danmörku. Það er ekki lengur einkamál veitingamanna hvað fer fram í eldhúsinu því niðurstöður heilbrigðiseftirlitsins eru nú gerðar opinberar.



Gefnar eru fjórar tegundir af broskörlum og ef fyrirtæki hefur fjórum sinnum hlotið besta „smiley“ fær hann „elite smiley“ eða úrvalsbroskarl.

Matvælaeftirlit gert sýnilegt

Þegar hinn litríki stjórnmálamaður Ritt Bjerregaard gegndi stöðu matvælaráðherra á tímabilinu 2000-2001 átti hún frumkvæði að því að innleiða hið svo kallaða broskarlakerfi eða „Smiley ordning“. Í stuttu máli gengur kerfið út á að eftirlitsskýrslur heilbrigðisfulltrúa eru gerðar opinberar. Eftir hverja heimsókn til fyrirtækis sem höndlar með matvæli (s.s. veitingahús, pylsuvagnar, bakarí, mötuneyti, krár o.s.frv.) eru skýrslur hengdar upp á áberandi stað þannig að neytendur geti kynnt sér niðurstöður heilbrigðisfulltrúanna. Markmiðið með þessu er að upplýsa neytendur um það hversu vel fyrirtæki, sem selja og framleiða matvæli, fylgja lögum og reglum og auðvelda neytendum að taka upplýsta ákvörðun. Opinber birting upplýsinga gerir það líka að verkum að fyrirtækin eru vakandi og matvælaöryggið eykst.

Einfalt og skiljanlegt kerfi

Allt kapp var lagt á að kerfið væri sem einfaldast þannig að neytendur ættu ekki að vera í nokkrum vandræðum með að skilja skilaboðin. Skýrslurnar eru auðskiljanlegar og allir skilja muninn á broskarli með breitt bros og samsvarandi karli með skeifu. Eftir hverja úttekt er skýrsla heilbrigðiseftirlitsins hengd upp á áberandi stað, svo sem í glugga eða við inngang. Á heimasíðunni *findsmiley.dk* er hægt að slá upp matsölustöðum á netinu og skoða niðurstöður heilbrigðisfulltrúa úr öllum eftirlitsferðum. Allt eftirlit er uppi á borði, engu er leynt.

Fyrirtækin mótfallin

Knud Arne Nielsen er fagsviðsstjóri hjá dönsku matvælastofnuninni og hefur tekið þátt í innleiðingu broskarlakerfisins allt frá upphafi. Neytendablaðið hitti hann að máli til að fræðast betur um þetta áhugaverða framtak. Knud Arne segir að flest fyrirtæki hafi verið mjög mótfallin innleiðingu broskarlakerfisins í upphafi og fundið því flest til foráttu. Heilbrigðisfulltrúar voru einnig fullir efasemda og töldu ekki ráðlegt að opinbera skýrslur eins og lagt var til. Hagsmunir neytenda urðu þó ofan á og kerfið var innleitt þrátt fyrir óánægjuraddir.



Viðhorfin breytast

Danska matvælastofnunin hefur fylgst með viðhorfi neytenda og fyrirtækja síðan kerfið var innleitt. Samkvæmt síðustu könnun, sem gerð var 2007, eru fyrirtækin orðin mun jákvæðari. Þannig töldu 88% fyrirtækja að það væri góð hugmynd að opinbera niðurstöðu heilbrigðisfulltrúa. Athyglisvert er að

Knud Arne Nielsen starfar hjá Fødevarestyrelsen eða dönsku matvælastofnuninni. Hann hefur unnið við innleiðingu broskarlakerfisins frá upphafi.

stórum hluta þeirra fyrirtækja sem ekki fengu bestu einkunn þótti gagnrýnin samt sem áður sanngjörn. Þá töldu 79% fyrirtækja að eftirlitið sem broskarlakerfið byggist á væri sanngjarnt.

Neytendur ánægðir

Danskir neytendur hafa tekið broskarlakerfinu fagnandi en 99,8% þeirra þekkja kerfið og eru ánægðir með það. Þá kom í ljós að stærstur hluti neytenda treystir danska heilbrigðiseftirlitinu þrátt fyrir að mikið hafi borið á neikvæðum fréttum um matvælaöðnaðinn í Danmörku. Leiða má að því líkur að gagnsætt eftirlit eins og broskarlakerfið auki traust og tiltrú neytenda á eftirlitskerfinu.



Farið var í mikið auglýsingaátak þegar broskarlakerfið var innleitt.

Úrvalsbroskarl bætist í hópinn

Knud Arne segir broskarlakerfið vera í stöðugri þróun og að í fyrra hafi verið gerðar nokkrar endurbætur. Þá voru skýrslurnar gerðar enn notendavænni og seljendum gert skylt að hengja þær upp á áberandi stað í glugga eða þannig að neytendur gætu kynnt sér málið áður en þeir tækju ákvörðun um að setjast inn.

Fyrirtækjum er einnig gert að birta skýrslurnar á heimasíðum sínum. Eins var svokölluðum úrvalsbroskalli (elite smiley) bætt við en hann hljóta fyrirtæki sem fengið hafa hæstu einkunn fjórum sinnum í röð. Fyrirtæki sem eru í þessari úrvalsdeild mega nýta broskallinn til auglýsinga og fá færri eftirlitsheimsóknir þar sem þau þykja hafa sýnt það og sannað að þau standi sig í stykkinu. Knud Arne segir að með þessu móti geti heilbrigðisfulltrúar nýtt kraftana í eftirlit með þeim fyrirtækjum sem ekki standa sig eins vel. Úrvalsfyrirtækin mega þó ekki sofna á verðinum því heilbrigðisfulltrúar framkvæma eftir sem áður skyndieftirlit.

Önnur lönd sýna áhuga

Neytendablaðið spurði Knud Arne hvort hann hefði orðið var við áhuga frá öðrum löndum. Knud segir svo vera og hann hafi ferðast víða og haldið fyrirlestra um reynslu Dana. Hann segir að víða séu sambærileg verkefni í gangi. Berlín hafi t.d. innleitt broskarlakerfi og í Noregi hafa verið nokkur tilraunaverkefni í gangi, m.a. í Þrándheimi. Noregur gæti hugsanlega orðið næsta land sem tekur upp samskonar kerfi og Danmörk sem hingað til hefur verið eitt um að hafa innleitt broskarlakerfi á landsvísi.

Knud Arne segir að í Svíþjóð hafi verið unnin mikil vinna og í raun hafi ekkert verið eftir nema að innleiða kerfið þegar ný ríkisstjórn tók við og verkefnið var sett ofan í skúffu. „Ákvörðun um það hvort innleiða á kerfi er jú þrátt fyrir allt pólitísk.“

Óverulegur kostnaður

Knud Arne segir að kostnaðurinn við broskarlakerfi þurfi ekki að vera mikill. Líkt og í Danmörku sé hægt að byrja rólega og byggja



Skýrslur heilbrigðisfulltrúa eiga að vera vel sýnilegar eins og hér er tilfellið. Þessi pizzastaður hefur hlotið úrvalsbroskarl sem þýðir að eftirlitsheimsóknnum fækkar.

kerfið síðan upp. Hann bendir einnig á að það þurfi jú að skrifa skýrsluna hvort eð er. „Munurinn er sá að nú hangir skýrslan uppi og er sýnileg neytendum en liggur ekki ofan í skúffu. Áður voru skýrslurnar handskrifaðar en í dag eru heilbrigðisfulltrúar með litlar fartölvur. Þeir geta því skrifað skýrslur og bæði prentað þær út á staðnum og lagt þær beint á netið.“ Aðspurður hvort hann telji að Ísland ætti að taka upp svipað kerfi segist Knud Arne ekki hafa skoðun á því í sjálfu sér. Hann bendir á að reynslan frá Danmörku og öðrum löndum þar sem slík kerfi hafa verið tekin upp sýni að um sé að ræða mikilvæga viðbót við eftirlitsstarfið. „Þegar neytendur geta séð hversu vel fyrirtæki fylgja lögum og reglum hvetur það fyrirtækin til dáða og eykur matvælaöryggi.“

Hver er staðan á Íslandi?

Neytendablaðið hafði samband við Matvælastofnun og spurði hvort til stæði að innleiða sambærilegt kerfi hér á landi. Svo mun ekki vera en starfsfólk Matvælastofnunar þekkir þó vel til broskarlakerfisins.

Neytendasamtökin hafa sent nýrri ríkisstjórn helstu áherslupunkta í neytendamálum og þar er þess m.a. krafist að stjórnvöld taki Dani sér til fyrirmyndar og komi upp gagnsæju matvælaeftirliti til hagsbóta fyrir neytendur.

BP

Það er ekki nýtt af nálinni að niðurstöður heilbrigðisfulltrúa séu gerðar opinberar. San Diego í Kaliforníuríki innleiddi einkunnakerfi árið 1947 og Los Angeles innleiddi kerfi árið 1999 þar sem notaðir eru bókstafirnir A, B og C. Þar í landi vita allir hvað stafirnir standa fyrir því þeir eru notaðir sem einkunnakerfi í skólum. Nú hafa átta ríki í Bandaríkjunum innleitt slíkt kerfi. Toronto í Kanada hefur notast við umferðarljós síðan árið 2001. Í Bretlandi hafa einstaka borgir og bæir notað samsvarandi kerfi þar sem gefnar eru 5 stjörnur og nú er talað um innleiða kerfið á landsvísi.